

Október 2025



Fréttabréf Skýjaborgar

maí - september 2025

Nú er farið að hausta, sjá má fallegu haustlitina um alla sveit og nóg af laufblöðum um allt þessa dagana. Hér verður stiklað á stóru hvað við höfum verið að fást við, leika og læra síðustu mánuði ásamt breytingum á barna- og starfsmannahópnum.

Maí 2025 – Dýr / faratæki / umferðarvika

Það er alltaf nóg að gera í maí. Við höldum umferðarviku þar sem farið var yfir umferðarreglur með hjálp innipúkans. Inn í umferðarvikunni var hjóladagur. Þá mætti samfélagslögreglan í heimsókn, fór yfir nokkrar umferðarreglur og setti svo upp skoðunarstöðvar fyrir hjólin þar sem þeir yfirfóru hjólin og gáfu svo börnunum límmiða ef hjólin stóðust skoðunina.



Farið var í sveitaferð að Hvítanesi þar sem bændur tóku mjög vel á móti okkur líkt og vanalega. Við fengum að skoða nautin/kálfana, kindurnar/lömbin og alls konar fugla. Einnig var farið í fjöruna, týnt skeljar og skoðað fuglalífið.

Rósahópur / árgangur 2019 var útskrifaður við fallega athöfn sem börnin opnuðu með tónlistaratriði undir stjórn Ögu. Í framhaldi var svo stokkið út í vorhátíð Skýjaborgar og foreldrafélagsins sem heppnaðist mjög vel með pylsum, hoppukastala, andlitsmálningu, sápukúlum, íspinnum og heimsókn frá Latabæ.

Rósahópur (2019) fóru einnig á lokahóf slökkviliðsins sem er haldið á slökkvistöðinni með ýmsu blautu fjöri.

Grænfáni afhentur í áttunda sinn

Í lok maí tókum við stolt á móti okkar áttunda grænfána í Skýjaborg. Margt er orðið að föstum lið hjá okkur eins og endurnýting á efnivið, fjölbreytt nýting á náttúrulegum efnivið, útivera, fuglafræðsla og ræktun. Síðustu tvö árin var sérstaklega unnið með þemun *neyslu og úrgangur* og áttahagar og *hnattrænt jafnrétti*.



Október 2025

Júní-ágúst – Sumar

Í júní og fram í ágúst tekur við sumardagskrá með öðruvísi uppbroti. Á fimmtudögum í júní voru sérstakir uppbrotsdagar á borð við tónlistardag, búningadag, útidótadag og sull-dag. Börnin fengu að koma með hugmyndir að uppbroti og var því viðkomið á þessum dögum sem og inn í leikjastöðvum í garðinum sem voru á öðrum vikudegi.



Sumarlokun leikskólans var 7. júlí – 1. ágúst.

Í ágúst tók leikskólinn þátt í Hvalfjarðardögum með því að halda listarsýningu í stjórnsýsluhúsinu. Sett voru upp ýmis verk frá skólaárinu 2024-2025. Vel var mætt á sýninguna.



Kveðja

Í sumar kvöddum við 5 börn sem hófu grunnskólagöngu í Heiðarskóla nú í haust. Við óskum þeim og fjölskyldum þeirra til hamingju með þennan stóra áfanga að ljúka fyrsta skólastiginu. Í ágúst kvöddum við einnig eitt annað barn sem flutti annað og óskum við því

og fjölskyldu þess góðs gengis á nýjum stað.

Af starfsfólki kvöddum við þær Sonju og Pálu við sumarlokun, sem og þær Guggu og Aldísi sem höfðu verið í leyfi síðustu mánuðina. Við þökkum þeim kærlega fyrir samstarfið og samvinnu síðustu árin, með ósk um velgengni og hamingju í því sem þær taka sér fyrir hendur.

Aðlögun og breytingar á starfsmannahaldi

Einn nýr starfsmaður var ráðin til starfa í ágúst, hún Elva Rut kennari sem tók við sem deildarstjóri á Regnboganum. Við bjóðum hana velkomna til starfa. Viktoria fékk áframhaldandi ráðningu sem matráður. Ásdís deildarstjóri færðist yfir á Dropann. Bára færði sig yfir í sérkennsluna ásamt Sigurbjörgu sem hefur minnkað við sig vinnu. Yfirlit yfir starfsfólk og starfsheiti má finna í **Starfsáætlun Skýjaborgar 2025-2026**.

Í haust komu 5 ný börn til okkar, fjögur 1 árs á Dropann og eitt 3 ára á Regnbogann. Aðlögun barna á milli deilda dreifðist aðeins, en þrjú færðust yfir á Regnbogann í maí og fjögur í ágúst. Við hefjum skólaárið með 34 börnum í leikskólanum, 21 á Regnboganum og 13 á Dropanum.

Október 2025

September – ég sjálfur og fjölskyldan mín / litir

Í september fór vetrarstarfið aftur af stað hjá okkur. Við breyttum aðeins þeim mánaða fyrir veturinn og er nú eitt þema yfir tveggja mánaða tímabil. Börnin á Regnboganum kusu heiti á hópana sína. 2020 árgangur er Regnbogahópur, 2021 og 2022 skiptast í tvo hópa sem heita Hvolpasveitahópur og Hákarlahópur.

Vinastundir: Eru daglega þar sem markmiðið er að veita málörvun við hæfa og læra boðskiptareglur. Unnið er eftir áherslupáttum úr Handbók Skýjaborgar: Leikur, mál og læsi sem áhugasamir geta [fundið hér](#). Ein vinastund í viku er sérstaklega tileinkuð

vináttuverkefninu Blæ, sem er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti.

Hópastarf: Hver hópur fær hópatíma 1-2x í viku (fer eftir aldri). Þar er markmiðið að eiga gæðastund í minni hópum, vinna að sameiginlegum verkefnum og efla og styðja við jákvæð samskipti.

Tónlistartímar og hreyfistundir: Öll börn fá tónlistatíma í minni hópum 1x í viku þar sem þau fá að kynnst alls konar tónlist og



hljóðfærum. Hreyfistundir eru 1x í viku ýmist inni eða úti.

Við vinnum með Lubba og þá eru íslensku máhljóðin lögð fyrir börnin og unnið með þau. Eitt máhljóð hverju sinni, kynnt í fyrstu samveru vikunnar. Lubbi tekur virkan þátt í samvinnu á milli heimilis og skóla með því að kíkja í helgarheimsóknir til barnanna. Markmiðið með Lubba-heimsóknum er að efla samvinnu milli leikskóla og heimilis, örva samræður, efla málþroska og félagsfærni barnsins. Í helgarheimsókninni skrifar barnið og fjölskyldan stutta frásögn frá heimsókninni í samskiptabók sem fylgir, setja myndir í bókina eða sendi þær á okkur og við límum þær inn, finna orð tengd máhljóðinu sem unnið er með hverju sinni og skrifa í bókina og auðvitað hafa gaman saman.

Náttúrufrelsi

Náttúrufrelsi er nýjung hjá okkur sem við erum að þróa og er hluti af Grænfánavinnu leikskólans. Við



hefjum verkefnið með vikulegum vettvangsferðum fyrir elstu tvo árganga leikskólans (2020 og 2021). Markmiðið er að efla hreyfingu og útiveru, vekja forvitni og áhuga á

Október 2025

náttúrunni og umhverfinu og fræðsla um náttúru og vísindi. Náttúrufrelsið fer vel af stað og eru þetta strax orðnar gífurlega vinsælar ferðir. Árgangi 2022 er nú einnig gefinn tími 1x í viku í útielddhúsið.



Dagur læsis

Við búum börnum læsishvetjandi umhverfi með góðu aðgengi að bókum, ásamt því að vinna með þulur, vísur, söngva og gera ritmálið sýnilegt. Bækur eru ávallt velkomnar til okkar í Skýjaborg. Við nýtum Dag læsis til að minna á það og bjóða bækur sérstaklega velkomnar þennan dag.

Dagur íslenskrar náttúru

Markmiðið með degi íslenskrar náttúru hjá okkur var að efla börnin í umhverfisvitund og sýna þeim hvernig nýta má náttúrulegan efnivið til að leika með. Regnbogabörnin fóru í göngutúr (daginn áður) og söfnuðu ýmsum náttúrulegum efnivið s.s. blómum, steinum, grösum, sveppum og berjum. Kennari útbjó sandleir. Settar voru upp ýmsar stöðvar í leikskólagarðinum með efniviðnum þar sem börnin unnu sér vel í leik.



Skipulagsdagar og kynningafundir

Tveir skipulagsdagar hafa verið í haust. Í ágúst fékk starfsfólk erindi frá málstjóra farsældar um farsæld barna, kynningu á uppfærslu á skólanámskrá, erindi um jákvæða sálfræði frá Hrefnu Guðmundsdóttur ásamt starfsmannafundi. Í september var vetrarstarfið skipulagt með starfsmannafundi og deildarfundum.

Í september voru deildarstjórar með kynningarfundi fyrir foreldra þar sem þeir kynntu starf deildanna í vetur, áherslur leikskólans og deildanna ásamt fleiri upplýsingum til foreldra. Við þökkum foreldrum kærlega fyrir komuna og vonumst til að kynningin hafi verið þeim gagnleg og upplýsandi.

